

Vífilmýrar

Fyrir botni Önundarfjarðar er mun meira undirlendi en í flestum öðrum fjarðarbotnum á Vestfjörðum. Sléttlendi þetta er tveir til þrír kílómetrar á lengd og víða um einn kílómetri á breidd. Sléttan, sem framburður ána hefur myndað, er votlend og vel gróin. Umhverfis hana og við mynni dalanna, sem hér liggja til ýmsra átta, voru frá fornu fari og allt fram á tuttugustu öld sjö bújarðir en býlin voru oftast miklu fleiri því margbýlt var á sumum þessara jarða.

Í máli manna voru allar þessar jarðir sagðar vera inni í Firði¹, enda nefna heimamenn landsvæði þetta **Fjörðinn** og stundum var talað um Fjarðarmenn.² Guðjón Guðmundsson búnaðarráðunautur segir í grein frá árinu 1907 að fyrir botni Önundarfjarðar sé um það bil 2000 hesta flæðiengi, rennislétt og grasgefið.³ Guðjón ferðaðist talsvert um Vestfirði á árunum 1905-1907 og er hann greinir frá þessu mikla flæðiengi kemst hann svo að orði:

Miðja þess er raklend, einkum í vætusumrum og þyrfti þar öflugan framræsluskurð. Kunnugir maður sagði mér að 1/5 – 1/4 af enginu væri óslegið á hverju hausti og er það dæmafár amlóðaháttur því bæirnir standa í röð meðfram hlíðunum, beggja vegna, og heimreiðslan örstutt.⁴

Fyrsta jörðin sem við komum að hér í *Firðinum* er Vífilmýrar en hinar sex eru **Hóll, Tunga, Hestur, Efstaból, Kroppstaðir** og **Kirkjuból** í **Korpudal**, sem stundum var nefnt Kirkjuból í Firði. Jörðin **Kot** (Bethaníu), sem við komum frá, er reyndar líka *inni í Firði* en þar sem Kotin byggðust úr landi **Mosvalla** sýnist hæpið að flokka þau með hinum jörðunum sjö.

Allur er Fjörðurinn umkringdur háum fjöllum, nema í norðvestri þar sem **Vöðin** breiða úr sér og undirlendið vestan við þau með staðinn í **Holti** í miðpunkti. Fjöllin sem mest ber á umhverfis sjálfan Fjörðinn eru **Bakkafjall, Krákur, Tunguhorn, Hestur, Kroppstaðafjall** og **Kirkjubólshjall**. Öll eru fjöll þessi hömrum girt hið efra. Bakkafjall, sem áður hefur verið nefnt, er upp af Kotum, Krákur beint upp af Vífilmýrum, Tunguhorn í suðaustri ef horft er frá Vífilmýrum, Hesturinn rétt norðan við austur en Kroppstaðafjall og Kirkjubólshjall í norð-norðaustri, skoðað frá hlaðinu á Vífilmýrum.

Fjallið Hestur vekur hér mesta athygli en um það er nánar fjallað á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Hestur). Norðan við Hestinn er Korpudalur en sunnan við hann er **Hestdalur**. Sá hluti síðarnefnda dalsins sem liggur

¹ Óskar Einarsson 1951, 93.

² Sama heimild.

³ Guðjón Guðmundsson / Freyr 1907, bls. 44.

⁴ Sama heimild.

vestan (sunnan) ár er einnig nefndur **Tungudalur**.⁵ Vestan við hann er svo **Ekkilsdalur** en milli þeirra er fjallið Tunguhorn sem hér var áður nefnt.

Meginárnar tvær sem falla um sléttlendið hér í Firðinum eru **Hestá**, sem kemur af Hestdal, og **Korpa** sem kemur ofan úr Korpudal. Hestur er eina jörðin á milli Hestár og Korpu. Vestan við Hestá eru Vífilmýrar, Hóll og Tunga en norðan við Korpu eru Efstaból, Kropstaðir og Kirkjuból. Fjórar þessara jarða eru nú (1995) í eyði en búið er á Vífilmýrum, Hóli og Kirkjubóli.

Frá hlaðinu á Vífilmýrum höfum við nú litið yfir sviðið stutta stund og mál til komið að hyggja að því sem nær okkur er. Hér hefur áður verið sagt frá landamerkjum Vífilmýra og Kota (sjá Bethanía-Kot) en á móti jörðinni Hóli, sem er innar í Firðinum, eiga Vífilmýrar land að **Gildruhrygg** sem er neðan við innanverða **Kráksskál** en svo heitir skálin í fjallinu Kráki⁶ sem gnæfir hér yfir bænum. Nánar til tekið liggja þessi merki frá **Einhamri**, sem er klettadrangur í fjallshlíðinni, og þaðan í beina línu niður að þeim stað þar sem *Álslæna rennur í Hestá*.⁷ Vífilmýrar eiga líka dálítið land á flatlendinu norðan við Hestá. Þar fylgja landamerkin ýmsum smálænum og niður við sjó skiptir **Korglæna** löndum milli Vífilmýra og Kirkjubóls í Korpudal.⁸ Nærri lætur að hún sé miðja vega milli Hestár og Korpu.⁹

Utan við fjallið Krák er **Hafradalur**, sem hér hefur áður verið nefndur, en dalur þessi er allstór skál sem skerst inn í fjalllendið ofan við miðja hlíð. Miklu minni er Kráksskál, nær beint upp af bænum á Vífilmýrum, en kletthornið utan við hana heitir **Haki**.¹⁰ **Bæjargil** kemur úr innanverðri Kráksskál og niður af því er **Bæjargilshryggur**.¹¹ Nokkru innar er svo **Gildruhryggsgil** og niður af því Gildruhryggur¹² sem áður var nefndur. Rétt fyrir utan túnið á Vífilmýrum rennur lækur sem heitir **Litlaá**.¹³ Í þennan læk var farið með mjólk til kælingar frá einum bænum á Vífilmýrum um miðbik 20. aldar en í honum er uppsprettuvatn.¹⁴ Rétt innan við Litluá eru tóttir í hlíðarfætinum, spölkorn fyrir ofan túnið, og heita **Lambhlað**.¹⁵

Engjalöndin neðan við túnið á Vífilmýrum heita **Eyrar** en þær skiptast í **Bakka**, **Samvinnu**, **Hrossakrók** og **Gvendareyrar**.¹⁶ Bakki er norður við Korglænu. Gvendareyrar náðu út að holti sem var hér fyrir utan túnið og hét **Skipholt**.¹⁷ Holt þetta, sem nú er horfið, var neðan við

⁵ Óskar Einarsson 1951, 97.

⁶ Sama heimild, 102.

⁷ Sama heimild.

⁸ Sama heimild.

⁹ Sama heimild.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Sama heimild.

¹² Sama heimild

¹³ Ingimundur Guðmundsson. – Viðtal K.Ó. við hann 22.2.1994. Brynh. Jónsd. – Viðt. K.Ó. v.h. 27.6.1994.

¹⁴ Brynhildur Jónsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1994.

¹⁵ Sama heimild.

¹⁶ Sama heimild.

¹⁷ Óskar Ein. 1951, 102.

akveginn, um það bil 100 metrum fyrir utan fjós og súrheysturna sem nú standa ofan vegar yst í túninu.¹⁸ Slægjulandið utan við Skipholt náði alveg út að **Hafradalsá** og var nefnt Samvinnu.¹⁹

Nafnið Skipholt gefur til kynna að hingað hafi mátt komast á bátum á fyrri tíð og enn gengur sjór upp á neðsta hluta hins gróna flatlendis milli Vífilmýra og Kirkjubóls í Korpudal en þó aðeins í hæstu flæðum.²⁰ Snorri Sigfússon, sem var skólastjóri á Flateyri á árunum 1912-1929, greinir svo frá að á þeim árum hafi hann einhverju sinni fengið leyfi til að taka upp mó í landi Vífilmýra.²¹ Þegar mótekjan hófst fékk hann lánaða kerru á **Tannanesi** og fór með hana yfir Vöðin á fjörunni.²² Um haustið var mórinn sóttur á bát í stórstreymi og var þá, að sögn Snorra, hægt að komast á bátnum um háflæði nær alla leið að mógröfunum.²³ Annað mál er svo það að í þessum móflutningum strandaði Snorri ofarlega á **Holtsoddanum** þegar hann var á heimleið í haustmyrkri sem orðið var til бага.²⁴

Að fornu mati töldust Vífilmýrar vera 18 hundruð að dýrleika. Um kosti jarðarinnar og galla segir svo í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710:

Jörðin er slægnagóð og á sjóarhólma sem hefur verið góður heyskapur í en spillist af sjávangangi sem fordjarfar rótina. Torfskurðarítak í þessa jörð á Holtskirkja eftir máldögum. Torfrista er hér slæm. Mjög hagaþröng er þessi jörð og liggur upp á nábuum sínum. Ætti hún síns eigin lands að njóta, þá yrði peningur í engjum að ganga og yrði þá heyskapur miklu minni. Svo hafa og skriður stórlega spillt því litla landi sem til var. Vetrarhart er hér frammar almennu. Engjunum hafa skriður spillt og spilla daglega. Engjarnar spillast og af Hestá.²⁵

Í sóknalýsingunni frá 1840 eru Vífilmýrar sagðar vera *góð slægnajörð* og þar er ekkert minnst á skriður.²⁶ Í gögnum frá árunum kringum 1920 er staðfest að beitiland sé hér *lítið og lélegt* en tekið fram að jörðin eigi *mikið flæðiengi*.²⁷ Að dómi fasteignamatsmanna, sem skoðuðu jarðir í Mosvallahreppi um 1920, voru engjarnar á Vífilmýrum grasgefnar og líka túnið sem þá var þýft og raklent.²⁸ Árlegur heyfengur bændanna

¹⁸ Brynhildur Jónsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1994.

¹⁹ Óskar Ein. 1951, 102.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Snorri Sigfússon 1969, 130.

²² Sama heimild.

²³ Sama heimild.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 109-110.

²⁶ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 102.

²⁷ Fasteignamatsskjöl: Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 150-161. Gjörðabók fasteignamatsskjöl í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 73.

²⁸ Fasteignamatsskjöl: Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 159-161. Gjörðabók fasteignamatsskjöl í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 73.

tengdaföður sinn í jarðaskiptum þeirra í milli.⁴⁵ Ari Guðmundsson á Reykhólum var faðir Guðmundar ríka Arasonar, sem einnig bjó á Reykhólum, og þegar Guðmundur var hrakinn úr landi árið 1446 voru Vífilmýrar ein hinna fjölmörgu jarða á Vestfjörðum sem hann hafði náð að eignast.⁴⁶ Í skrá yfir jarðeignir Guðmundar Arasonar árið 1446 er jörðin að vísu nefnd Vífilmýri og sögð vera 24 hundruð að dýrleika⁴⁷ en síðar var hún jafnan virt á 18 hundruð.⁴⁸ Þarna er þó alveg efalaust átt við Vífilmýrar og fram skal tekið að nafninu Vífilmýri bregður líka stundum fyrir í yngri heimildum og má sem dæmi nefna Jarðabók Johnsens frá árinu 1847.⁴⁹

Ekki verður nú séð með auðveldum hætti hvernig eignarhaldi á Vífilmýrum var háttað fyrstu fimm tíu árin eftir að eignir Guðmundar Arasonar voru gerðar upptækar en árið 1498 náði séra Grímur Þorsteinsson að kaupa jörðina.⁵⁰ Fullvíst má telja að þar sé um að ræða séra Grím Þorsteinsson sem þá var prestur í Holti í Önundarfirði en hann var dóttursonur Halldórs Jónssonar á Kirkjubóli í Valþjófsdal (sjá hér Holt) sem átt hafði Vífilmýrar árið 1420. Móðuramma séra Gríms var Oddfríður Aradóttir, hálf systir Guðmundar ríka (sjá hér Holt) sem einnig hafði átt þessa sömu jörð. Séra Grímur gekk frá kaupum á jörðinni suður í Skálholti 28. júní 1498⁵¹ og sá sem fékk honum hana til fullrar eignar var séra Brandur Rafnsson⁵² en eini prestur með því nafni sem vitað er að uppi hafi verið á þessum tíma er Brandur sá Hrafnsson sem þá var á Hofi í Vopnafirði.⁵³

Næsti eigandi Vífilmýra, sem þekktur er með nafni, var Örnólfur Jónsson. Um hann veit nú enginn neitt með vissu nema það að árið 1565 seldi hann jörðina Eggerti Hannessyni, lögmanni í Saurbæ á Rauðasandi.⁵⁴

Á 17. öld átti Þorleifur Sveinsson í Innri-Hjarðardal, bróðir Brynjólfs biskups, sex hundruð í Vífilmýrum um skeið.⁵⁵ Þann jarðarpart erfði Kristín, dóttir Þorleifs, og haustið 1698 skipti hún þessari og fleiri jarðeignum milli barna sinna⁵⁶.

Árið 1710 átti Björn Jónsson, spítalahaldari á Hörgslandi á Síðu, nokkrar jarðeignir í Önundarfirði, þar á meðal 12 hundruð í Vífilmýrum.⁵⁷ Björn þessi, sem oftast var nefndur Björn Thorlacius, var fæddur árið 1680.⁵⁸ Faðir hans var Jón Þorláksson, sýslumaður í

⁴⁵ D.I. IV, 278-279, D.I. VIII, 339 og D.I. IX, 55.

⁴⁶ D.I. IV, 688.

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ Jarðab. Á. og P. VII 109. Sóknalýs. Vestfj. II, 102. J. Johnsen 1847, 195.

⁴⁹ J. Johnsen 1847, 195.

⁵⁰ D.I. VII, 387-388.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Sama heimild.

⁵³ Íslenskar æviskrár I, 266-268.

⁵⁴ D.I. XIV, 432.

⁵⁵ Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir (Kph. 1993), bls. 178-179.

⁵⁶ Sama heimild. Sbr. Jarðabók Á. og P. XIII, 287.

⁵⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 109, 111, 117 og 122. Ísl. æviskrár I, 251.

⁵⁸ Ísl. æviskrár I, 251.

Múlaþingi, sonur Þorláks Skúlasonar, biskups á Hólum.⁵⁹ Nær fullvíst má telja að jarðeignir þessar í Önundarfirði, það er 12 hundruð í Vífilmýrum, Tungu í Firði, 16 hundruð í Tannanesi og **Selakirkjuból**,⁶⁰ hafi áður verið í eigu tengdamóður Björns, – Þóru Björnsdóttur á Hörgslandi sem gift var Páli Ámundasyni, spítalahaldara þar.⁶¹ Sú Þóra var sonardóttir hinnar auðugu ekkju, Þóru í Dal, sem bjó á Kirkjubóli í Valþjófsdal á fyrri hluta 17. aldar⁶², en móðurafi Þóru á Hörgslandi var séra Jón Sveinsson í Holti í Önundarfirði,⁶³ hálfbróðir Brynjólfs biskups. Sterkar líkur benda því til að á fyrri hluta 17. aldar hafi *höfðingskvinnan* Þóra í Dal átt þessi 12 hundruð í Vífilmýrum eða þá séra Jón Sveinsson í Holti sem varð tengdafaðir Björns Snæbjörnssonar, sonar Þóru í Dal en föður Þóru á Hörgslandi.

Þóra Björnsdóttir á Hörgslandi dó árið 1695 og hafði þá verið gift í 14 ár Páli Ámundasyni sem var umboðsmaður Kirkjubæjarklaustursjarða og spítalahaldari á Hörgslandi.⁶⁴ Einkabarn þessara hjóna var Þórunn Pálsdóttir, fædd 1683, er varð fyrri eiginkona Björns Jónssonar Thorlacius sem hér var áður nefndur.⁶⁵ Vorið 1706 tók Björn við embætti spítalahaldara á Hörgslandi af Páli tengdafaður sínum en á fyrri hluta ársins 1709 andaðist Þórunn Pálsdóttir, kona Björns, og var þá aðeins 26 ára gömul.⁶⁶ Að henni látinni hófust illvígur deilur um erfðamál milli eiginmanns hinnar látnu og föður hennar.⁶⁷ Með konu sinni, Þórunni Pálsdóttur, hafði Björn eignast eitt afkvæmi sem lifði, stúlkubarnið Þóru⁶⁸ sem bar nafn ömmu sinnar Þóru á Hörgslandi og langalangömmu sinnar, áður nefndrar Þóru í Dal. Fyrir hönd barnsins, Þóru Björnsdóttur Thorlacius, krafðist Björn þess að fá greiddan frá Páli tengdafaður sínum innistandandi móðurarf. Þann arf mun Páll Ámundason hafa færst undan að greiða því sumarið 1709 var auglýst á Alþingi *átölun Björns Jónssonar uppá móðurarf og móðurarfságóða sinnar dóttur, Þóru Björnsdóttur, innistandandi hjá Páli Ámundasyni*.⁶⁹

Ástæðan fyrir því að Páll klausturhaldari vildi ógjarnan láta nokkra fjármuni af hendi rakna við Björn tengdason sinn hefur að líkindum verið sú að sama ár og Þórunn, kona Björns en dóttir Páls, andaðist, eignaðist ekkjumaðurinn ungi barn með annarri konu, sem reyndar kynni að hafa fæðst rétt áður en Þórunn dó.⁷⁰ Allt gerðist þetta á árinu 1709 en launbarnið sem Björn eignaðist þá með vinnukonu var Steinunn sem seinna giftist Skúla Magnússyni landfógeta.⁷¹ Mjög er líklegt að vitneskja

⁵⁹ Ísl. æviskrár III, 315.

⁶⁰ Jarðab. Á. og P. VIII, 109, 111, 117 og 122.

⁶¹ Ísl. æviskrár IV, 105.

⁶² Sama heimild IV, 105 og 311 og I, 248.

⁶³ Sömu heimildir.

⁶⁴ Ísl. æviskrár IV, 105. Lögréttumannatal, bls. 429.

⁶⁵ Ísl. æviskrár I, 251 og IV, 105.

⁶⁶ Sömu heimildir.

⁶⁷ Alþingisbækur Íslands IX, 547.

⁶⁸ Ísl. æviskrár I, 251.

⁶⁹ Alp.bækur Ísl. IX, 547.

⁷⁰ Ísl. æviskrár I, 251.

⁷¹ Sama heimild. Sbr. Þorkell Jóhannesson 1943, 443-444.

um faðerni launbarnsins hafi borist út um svipað leyti og kona Björns andaðist því 6. apríl 1709 skrifaði Páll Ámundason undir erfðaskrá þar sem hann arfleiddi Friðrik fjórða Danakonung að öllum sínum eignum að frátöldum 10 hundruðum í lausafé.⁷² Þessari erfðaskrá lét Páll þinglýsa á Alþingi sumarið 1709⁷³ og gerði þar með Björn tengdason sinn og stúlkubarn hans, sinn eina niðja, nær alveg arflaus. Við blasir að með erfðaskránni hefur gamli klausturhaldarinn sagt Birni tengdasyni sínum algert stríð á hendur og vísað honum í ystu myrkur. Móðurarfi dóttur sinnar, hinnar látnu eiginkonu Björns, gat Páll þó ekki haldið. Ætla má að til greiðslu á þeim arfi hafi hann orðið að láta af hendi við Björn jarðeignirnar í Önundarfirði, sem hér voru áður nefndar, enda líklegast að Þóra Björnsdóttir, eiginkona Páls dain árið 1695, hafi átt þessar fjórar jarðeignir, þar á meðal 12 hundruð í Vífilmýrum eða tvö af hverjum þremur hundruðum þeirrar jarðar. Jarðbókin frá 1710 sýnir að Björn Jónsson Thorlacius var þá þegar talinn eigandi nýnefndra jarða og jarðarparta í Önundarfirði eins og hér hefur áður verið gerð grein fyrir. Að lokum skal þess getið að þrátt fyrir illvígar deilur á árinu 1709 munu þeir Páll Ámundason og Björn Thorlacius síðar hafa náð að sættast því Páll andaðist hjá þessum tengdasyni sínum árið 1716 en þá var Björn orðinn aðstoðarprestur og bjó á Flókastöðum í Fljótshlíð.⁷⁴ Síðar var hann lengi prestur og prófastur í Görðum á Álftanesi.⁷⁵

Árið 1741 var séra Björn Thorlacius enn á lífi en dóttir hans Þóra var þá orðinn eigandi að þeim 12 hundruðum í Vífilmýrum sem faðir hennar hafði átt 1710.⁷⁶ Hún var þá gift séra Halldóri Brynjólfssyni, er síðar varð biskup á Hólum, og 20. febrúar 1741 veðsetti séra Halldór þrjár jarðeignir konu sinnar í Önundarfirði til tryggingar greiðslu á láni er hann fékk hjá kaupmönnum Jónasi Riis og Paul Birch.⁷⁷ Jarðirnar sem séra Halldór veðsetti voru Vífilmýrar, Tunga og Selakirkjuból.⁷⁸ Tunga sem þarna er nefnd er ugglaut Tunga í Firði því þá jörð átti Björn Thorlacius árið 1710 (sjá hér bls.5). Við þessa veðsetningu fylgdu innstæðukúgildin á jörðunum með⁷⁹, enda var hvert jarðarhundrað virt á 6 ríkisdali spesíumyntar.⁸⁰ Án kúgilda var hvert hundrað venjulega metið á 4 ríkisdali á fyrri hluta 18. aldar því eftir landaurareikningi voru 30 álnir í hverjum spesíudal.⁸¹

Þóra Björnsdóttir Thorlacius, sem átti 12 hundruð í Vífilmýrum árið 1741, átti ættir að rekja til Önundarfjarðar (sjá hér bls.5-6) og hér hefur áður verið sagt frá dálitlu ævintýri sem hún lenti í árið 1746 þegar Halldór maður hennar var erlendis að taka við embætti Hólabiskups (sjá hér

⁷² Alp.bækur Ísl. IX, 547.

⁷³ Alp.bækur Ísl. IX, 547.

⁷⁴ Ísl. æviskrár I, 251 og IV, 105.

⁷⁵ Sama heimild.

⁷⁶ Alp.bækur Ísl. XIII, 58. Ísl. æviskrár II, 247-248.

⁷⁷ Alp.bækur Ísl. XIII, 58.

⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁹ Sama heimild.

⁸⁰ Sama heimild.

⁸¹ Jón J. Aðils 1971, 419-420.

Kirkjuból í Valbjófdal). Þegar Halldór varð biskup á Hólum fékk hann 800 ríkisdali að láni hjá Hörmangarafélaginu⁸² sem þá hafði einkarétt á allri verslun við Íslendinga. Til tryggingar greiðslu á þessu láni pantsetti biskupinn *eignarjörð sína Vífilmýrar í Önundarfirði* eins og frá er greint í Alþingisbókinni.⁸³ Sú trygging fyrir endurgreiðslu lánsins var reyndar í allra lakasta lagi því 18 hundraða jörð eins og Vífilmýrar var alls ekki nema liðlega 100 ríkisdala virði þó að kúgildin sem jörðinni fylgdu væru talin með. Sú fullyrðing hefur þegar verið rökstudd hér litlu framar svo ekki þarf við að bæta en auk þess munu Halldór biskup og Þóra kona hans aldrei hafa átt nema tvo þriðju hluta Vífilmýra eins og hér verður brátt sýnt fram á.

Haustið 1749 seldi biskup Ólafi Jónssyni 12 hundruð í Vífilmýrum ásamt 4 kúgildum sem með fylgdu í kaupunum.⁸⁴ Allar líkur benda til þess að kaupandinn hafi verið Ólafur Jónsson lögsagnari á Eyri í Seyðisfirði við Djúp því vitað er að Ólafur sonur hans, er nefndi sig Olavius, átti 12 hundruð í Vífilmýrum árið 1773.⁸⁵ Þegar veðskuldabréfinu sem Halldór biskup hafði látið Hörmangarafélaginu í té árið 1746 var loks þinglýst á Alþingi sumarið 1752⁸⁶ var Halldór því búinn að selja hina veðsettu jörð sína vestur í Önundarfirði og á Alþingi hafði kaupsamningnum, sem Ólafur lögsagnari á Eyri gerði við umboðsmenn biskups, verið þinglýst tveimur árum fyrir en án þess nokkurra veðbanda, sem á jörðinni hvíldu, væri getið.⁸⁷ Verðið sem Ólafur lögsagnari gaf fyrir þessi 12 hundruð í Vífilmýrum og kúgildin fjögur, sem fylgdu með, voru 72 ríkisdalir í spesíumynt svo Halldór biskup hefur fengið fjóra og hálfan ríkisdal fyrir hvert hundruð.

Eigi er kunnugt um að Hörmangarafélagið, sem eins og áður var getið átti veð í Vífilmýrum, hafi reynt að ná jörðinni af Ólafi lögsagnara en fullvíst má þó telja að lánið sem jörðin var veðsett fyrir hafi aldrei verið greitt að fullu. Sumarið 1752 hafði Halldór biskup aðeins endurgreitt félaginu 100 ríkisdali af þessu 800 ríkisdala láni en hitt stóð allt eftir.⁸⁸ Biskup var þá búinn að missa heilsuna og andaðist um haustið.⁸⁹ Þegar bú hans var tekið til skipta reyndist það vera þrotabú.⁹⁰

Ólafur Jónsson, lögsagnari á Eyri, andaðist árið 1761⁹¹ og hefur að líkindum átt 12 hundruðin í Vífilmýrum allt til dauðadags en árið 1762 var Ólafur Ólafsson skráður annar tveggja eigenda jarðarinnar.⁹² Sá Ólafur er vafalaust sonur Ólafs lögsagnara, kammersekreterinn er síðar varð, en

⁸² Alþ.bækur Ísl. XIV, 83.

⁸³ Alþ.bækur Ísl. XIV, 83.

⁸⁴ Alþ.bækur Ísl. XIII, 472.

⁸⁵ Alþ.bækur Ísl. XV, 370, 437 og 660. Sbr. Ísl. æviskrár IV, 61.

⁸⁶ Alþ.bækur Ísl. XIV, 83.

⁸⁷ Alþ.bækur Ísl. XIII, 472.

⁸⁸ Alþ.bækur Ísl. XIV, 83.

⁸⁹ Þorkell Jóhannesson 1943, 341. Íslenskir annálar III, 619.

⁹⁰ Þorkell Jóhannesson 1943, 346.

⁹¹ Ísl. æviskrár IV, 61.

⁹² Manntal 1762.

hann nefndi sig síðar á ævinni Olavíus.⁹³ Árið 1762 var Ólafur Olavíus enn við skólanám í Skálholti en árið 1765 sigldi hann til náms í Kaupmannahöfn og dvaldist þar næstu sjö til átta árin.⁹⁴ Árið 1773 kom hann heim og á því ári seldi hann Bárði Illugasyni, bónda í Neðri-Arnardal við Skutulsfjörð, þessi 12 hundruð í Vífilmýrum, sem hér hafa verið til umfjöllunar, og líka jörðina **Innri-Hjarðardal** í Önundarfirði.⁹⁵ Einn bræðra Ólafs Olavíusar var Magnús Ólafsson, bóndi í Súðavík, sem ekki vildi una þessari jarðasölu bróður síns.⁹⁶ Sumarið 1775 bar Magnús fram þá kröfu á Alþingi að jarðasölu Olavíusar til Bárðar í Arnardal yrði rift og bauðst þá til að innleysa sjálfur þessar jarðir.⁹⁷ Svo virðist sem Magnúsi hafi þó ekki tekist að fá sölnunni riftað því árið 1805 var Ásgrímur Bárðarson í Arnardal, sonur Bárðar Illugasonar, annar tveggja eigenda Vífilmýra.⁹⁸ Bárður Illugason í Neðri-Arnardal, sem hér var nefndur, er sem kunnugt er ættfaðir hinnar fjölmennu Arnardalsættar sem svo hefur verið nefnd.⁹⁹ Hann var ríkur bóndi og átti nokkrar jarðir.¹⁰⁰

Hér hefur nú verið rifjað upp hvaða höfðingjar og ríkisbændur áttu Vífilmýrar á 15. og 16. öld og tvo þriðju parta jarðarinnar á 17. og 18. öld. Heimildir sem í boði eru bjóða þó aðeins upp á mjög brotakenndar upplýsingar eins og skýrslan hér að framan ber með sér.

Um eigendur að þeim þriðjungi jarðarinnar sem varð viðskila við hina þriðjungana tvo á áratugunum kringum 1600 var þess áður getið að sá jarðarpartur komst á 17. öld í eigu Þorleifs Sveinssonar í Innri Hjarðardal og síðan dóttur hans sem Kristín hét (sjá hér bls. 5). Árið 1681 var hún einn þriggja ábúenda hér á Vífilmýrum¹⁰¹ og árið 1710 bjó sonur hennar, Ólafur Jónsson að nafni, á þeim þriðjungi úr jörðinni sem móðir hans hafði átt en hann og systir hans, Guðlaug Jónsdóttir, áttu þá þessi sex hundruð¹⁰².

Árið 1747 seldu bræðurnir Jón og Sveinn Ólafssynir 4 hundruð og 30 álnir í Vífilmýrum fyrir 18 ríkisdali.¹⁰³ Sá sem keypti þann jarðarpart hét Gísli Jónsson¹⁰⁴ og árið 1762 átti Oddur Gíslason einhvern part úr Vífilmýrum,¹⁰⁵ líklega 6 hundruð. Líklegt er að þarna sé um að ræða feðgana Gísla Jónsson, sem bjó á Kirkjubóli í Korpudal, og Odd son hans, fæddan 1732, sem síðast bjó í Tungu í Firði en áður á Kirkjubóli, líklega í

⁹³ Ísl. æviskrár IV, 72-73.

⁹⁴ Ísl. æviskrár IV, 72-73.

⁹⁵ Alp.bækur Ísl. XV, 370.

⁹⁶ Sama heimild, 437 og 660. Ísl. æviskrár IV, 61.

⁹⁷ Sama heimild.

⁹⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

⁹⁹ Vestfirskar ættir I, 55.

¹⁰⁰ Sama heimild.

¹⁰¹ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681.

¹⁰² Jarðabók Á. og P. VII, 109 og XIII, 287. Sbr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. (Kph 1993), bls. 178-179.

¹⁰³ Alp.bækur Ísl. XIII, 403-404.

¹⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵ Manntal 1762.

Korpudal, því þar voru börn hans fædd.¹⁰⁶ Nöfnin ein duga að vísu ekki til að sýna fram á að það hafi verið þessir feðgar sem eignuðust part úr Vífilmýrum en mjög líklegt verður að telja að svo hafi verið, enda bjuggu tveir synir Odds þessa Gíslasonar, þeir Gísli og Sveinn, hver fram af öðrum á parti úr jörðinni á fyrstu árum 19. aldar¹⁰⁷ og Gísli Oddsson var árið 1805 annar tveggja eigenda jarðarinnar.¹⁰⁸ Hér verður ekki ráðist í að fjalla um eigendur Vífilmýra á 19. öld, enda munu þeir hafa verið býsna margir og skikinn sem sumir þeirra áttu í jörðinni smár. Þess skal þó getið að við lok 19. aldar áttu jörðina þrír menn, þeir Torfi Halldórsson, kaupmaður og útgerðarmaður á Flateyri, Guðmundur Á. Eiríksson, bóndi og hreppstjóri á **Porfinnsstöðum**, og Sigurður Jónsson.¹⁰⁹

Fyrsti bóndinn sem bjó á Vífilmýrum og þekktur er með nafni hét Sigurður Þórðarson.¹¹⁰ Hann bjó hér á fyrri hluta 15. aldar og var landseti Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum.¹¹¹ Um Sigurð þennan er fátt vitað en Kolbeinn sonur hans segir í vitnisburðarbréfi frá árinu 1474 að faðir sinn, Sigurður Þórðarson, hafi búið á Vífilmýrum.¹¹² Í vitnisburðarbréfinu greinir Kolbeinn frá því að maður að nafni Hallur Magnússon, sem síðar bjó á Hesti (sjá hér Hestur), hafi orðið að standa upp af jörðinni **Ytri-Hjarðardal** fyrir Guðmundi Arasyni og hafi Hallur þá komið að Vífilmýrum.¹¹³ Við þá frásögn bætir Kolbeinn Sigurðsson þessum orðum: *Bjó minn faðir þar, Sigurður Þórðarson, og skipaði mér að reiða hann upp á Álftafjarðarheiði.*¹¹⁴ Um þennan fyrsta bónda á Vífilmýrum er því miður engin vitneskja í boði umfram það sem hér hefur verið sagt.

Árið 1681 var þrúbýli á Vífilmýrum¹¹⁵ og svo var einnig flest árin á 18. og 19. öld.¹¹⁶ Dæmi má þó finna um fjórbylí á jörðinni, m.a. frá árinu 1753.¹¹⁷ Árið 1870 áttu fjórar fjölskyldur heima á Vífilmýrum en ein þeirra bjó við þurrt hús.¹¹⁸ Á 18. og 19. öld virðist annars hafa verið mjög lítið um þurrabúðarfólk eða húsfólk á Vífilmýrum en nefna má að árið 1890 er fyrrverandi bóndi á jörðinni, sem var hér enn heimilisfastur, sagður lifa á sjó og vera kominn í húsmennsku.¹¹⁹ Hann var þá 57 ára ekkjumaður.¹²⁰

¹⁰⁶ Sbr. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1801, vesturamt, bls. 294-295. Manntal 1816, 688 og 691.

¹⁰⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1801. Sóknarm.töl Holts í Öundurarf.

¹⁰⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

¹⁰⁹ Manntal 1901, fylgiskjöl.

¹¹⁰ D.I. V, 730.

¹¹¹ Sama heimild.

¹¹² Sama heimild.

¹¹³ Sama heimild.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Rtk. 2. 1. Stríðshjálpin 1681.

¹¹⁶ Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. VII, 109. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, eftirrit, Ísafj.sýsla 1735.

Manntöl 1762, 1801, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890 og 1901.

¹¹⁷ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafjarðarsýsla 1753.

¹¹⁸ Manntal 1870.

¹¹⁹ Manntal 1890.

¹²⁰ Sama heimild.

Sá maður sem lengst virðist hafa búið á Vífilmýrum á 18. öld hét Nikulás Nikulásson. Hann hafði hér 6 hundruð til ábúðar árið 1710¹²¹ og er nefndur bóndi á Vífilmýrum 1735, 1753 og 1762.¹²² Árið 1762 er Nikulás þessi á Vífilmýrum sagður 80 ára¹²³ og vegna hins háa aldurs verður að telja mjög líklegt að allt sé þetta sami maðurinn og hefur þá búið hér í meira en hálfra öld. Árið 1753 tundaði Nikulás á Vífilmýrum 9 lausafjórðungi en hinir bændurnir þrjú sem þá bjuggu hér líka tundaðu aðeins 8 og hálf tundað allir til samans.¹²⁴ Þetta sýnir að þegar hér var komið sögu hefur Nikulás verið betur stæður en meginþorri bænda í Önundarfirði. Um ætt hans og niðja mætti hafa uppi ýmsar getgátur en sannanir vantar. Árið 1703 var hann 21 árs gamall vinnumaður á Þorfinnsstöðum¹²⁵ og gæti sem best verið sonur Nikulásar Bjarnasonar og Gunnfríðar Brynjólfsdóttur er þá bjuggu í **Minna-Garði** í Dýrafirði (sjá hér Minni-Garður). Þess má svo geta að árið 1762 var Ólafur Nikulásson einn þriggja bænda á Vífilmýrum, þá 51 árs gamall, og hafði einnig búið hér árið 1753.¹²⁶ Hugsanlegt er að Ólafur hafi verið sonur Nikulásar Nikulássonar.

Árið 1801 var Gísli Oddsson einn þriggja bænda á Vífilmýrum,¹²⁷ sonur Odds Gíslasonar frá Kirkjubóli í Korpudal sem síðast bjó í Tungu í Firði og andaðist þar árið 1791.¹²⁸ Hér hefur áður verið rökstudd sú tilgáta að Gísli Jónsson, sem keypti nokkur hundruð í Vífilmýrum árið 1747, muni hafa verið Gísli Jónsson á Kirkjubóli í Korpudal, afi Gísla Oddssonar, og fullvíst er að Gísli Oddsson var annar tveggja eigenda Vífilmýra árið 1805 (sjá hér bls. 9-10). Í manntalinu frá 1801 er Gísli á Vífilmýrum sagður 29 ára gamall en Maren Guðmundsdóttir, kona hans, 31 árs.¹²⁹ Á Vífilmýrum bjuggu þau aðeins í fáein ár en áður í Tungu og í Ytri-Hjarðardal og síðar **Mosdal**, á **Sæbóli** á Ingjaldssandi og í **Meira-Garði** í Dýrafirði og er ýmislegt frá þeim sagt annars staðar í þessu riti (sjá hér Tunga í Firði, Mosdalur, Sæból og Meiri-Garður).

Sambýlismenn Gísla Oddssonar á Vífilmýrum árið 1801 voru Jón Sigurðsson hreppstjóri og Magnús Oddsson.¹³⁰ Jón hreppstjóri var þá 42ja ára en Járngerður Bjarnadóttir, kona hans, 66 ára og var Jón seinni maður hennar.¹³¹ Magnús Oddsson, bóndi á Vífilmýrum, var 77 ára gamall árið 1801¹³² og hafði þá verið blindur í nokkur ár.¹³³ Hann var kvæntur

¹²¹ Jarðab. Á. og P. VII, 109.

¹²² Bændatöl- og skuldaskrár 1720-1765, eftirrit, Ísafj.s. 1735. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.s. 1753. Manntal 1762.

¹²³ Manntal 1762.

¹²⁴ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹²⁵ Manntal 1703.

¹²⁶ Manntal 1762. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹²⁷ Manntal 1801.

¹²⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Sbr. Guðmundur G. Hagalín 1951, 7.

¹²⁹ Manntal 1801.

¹³⁰ Sama heimild.

¹³¹ Sama heimild.

¹³² Sama heimild.

¹³³ Ól. Þ. Kr. 1949, 89 og 93 (Frá ystu nesjum V).

Guðnýju Björnsdóttur, sem árið 1801 var talin 81 árs gömul¹³⁴, en hún var seinni kona Magnúsar og móðuramma Gísla Oddssonar sem þá var líka farinn að búa á Vífilmýrum.¹³⁵ Hjá Magnúsi og Guðnýju voru tveir bræður Gísla Oddssonar í vinnumennsku árið 1801, Sveinn, sem þá var 22ja ára, og Páll sem var einu ári yngri.¹³⁶

Árið 1811 var Gísli Oddsson farinn frá Vífilmýrum en þá var Sveinn bróðir hans orðinn bóndi á einum parti jarðarinnar.¹³⁷ Sveinn Oddsson á Vífilmýrum var einn hinna mörgu sem týndu lífi í mannskaðanum mikla 6. maí 1812 þegar sjö bátar úr Önundarfirði fórust með allri áhöfn (sjá hér Mosvallahreppur inngangskafli). Þeir Sveinn á Vífilmýrum og Sveinn Jónsson á Hesti áttu einn bátinn og fórust báðir með honum.¹³⁸ Þegar Sveinn Oddsson drukknaði var hann 32ja ára gamall en kona hans, Kristín Magnúsdóttir, var einu ári eldri, fædd 1778.¹³⁹ Í mannskaðanum mikla missti Kristín eiginmann sinn og tvo bræður, sem báðir hétu Jón, og þjó annar á **Görðum** en hinn á **Eyri**.¹⁴⁰ Vorið 1812 stóð hún uppi ekkja með þrjú syni á aldrinum tveggja til sex ára.¹⁴¹

Þegar Ebenezer Þorsteinsson sýslumaður kom að Vífilmýrum til að skrifa upp dánarbúið og meta eigur hins látna til fjár mun hinni ungu ekkju hafa þótt hann nokkuð aðgangsharður, enda líklegt að sýslumaður hafi fáu viljað sleppa við uppskriftina. Sagan segir að þegar sýslumaður var að búast til brottferðar hafi Kristín dregið kopp undan rúmi sínu, sett í hann giftingarhringinn og rétt að sýslumanni með þeim orðum að þessu skyldi hann ekki gleyma.¹⁴²

Lítið mun hafa verið um mat á Vífilmýrum fyrstu vikurnar eftir hinn mikla mannskaða því séra Þorvaldur í Holti segir konu eina hafa dáíð þar *úr hor og vesöld* 13. júní 1812.¹⁴³ Kona þessi hét Guðríður Björnsdóttir og hafði fyrir skömmu flust búferlum úr Dýrafirði í Önundarfjörð.¹⁴⁴

Kristín Magnúsdóttir, húsfreyja á Vífilmýrum, sem missti eiginmann sinn og tvo bræður í sjóinn í mannskaðanum mikla, hélt áfram búskap og giftist í annað sinn haustið 1815.¹⁴⁵ Seinni maður Kristínar hét Indriði Jónsson og var um það bil tíu árum yngri en hún.¹⁴⁶ Árið 1816 bjuggu þau Kristín og Indriði enn á Vífilmýrum en seinna fóru þau að **Fremri-Breiðadal**.¹⁴⁷ Þeirra sonur var Jón Indriðason, hreppstjóri á **Kaldá** (sjá hér Kaldá).

¹³⁴ Manntal 1801.

¹³⁵ Ól. Þ. Kr. 1949, 89 og 93 (Frá ystu nesjum V).

¹³⁶ Manntal 1801. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹³⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹³⁸ Eyjólfur Jónsson 1967, 12.

¹³⁹ Sama heimild, 12 og 66. Ól. Þ. Kr. 1949, 92.

¹⁴⁰ Ól. Þ. Kr. 1949, 92.

¹⁴¹ Sama heimild, 92-95. Manntal 1816, bls. 692.

¹⁴² Eyjólfur Jónsson 1979, 87-89 (Ársrit S. Í.).

¹⁴³ Prestsþj.b. Holts í Önundarf.

¹⁴⁴ Sama heimild.

¹⁴⁵ Sama heimild.

¹⁴⁶ Sama heimild.

¹⁴⁷ Sama heimild.

Margir bændanna sem bjuggu á Vífilmýrum á 19. öld náðu ekki að gróa hér fastir og mjög fáir úr þeirra hópi stóðu hér fyrir búi í meira en tuttugu ár. Einn þeirra sem lengst bjuggu hér var Jóhannes Jónsson sem farinn var að búa á einum parti jarðarinnar árið 1838 og bjó fram yfir 1860.¹⁴⁸ Jóhannes var fæddur í Holti árið 1799, sonur vinnukonu þar.¹⁴⁹ Eiginkona Jóhannesar hét Guðrún Jónsdóttir og stóðu þau saman fyrir búi á Vífilmýrum.¹⁵⁰ Annar tveggja sona Jóhannesar og Guðrúnar var Jens Jóhannesson sem árið 1860 bjó við hlið föður síns á Vífilmýrum.¹⁵¹ Kona Jens var Þorkatla Bjarnadóttir og bjuggu þau síðar í Tungu í Firði. Þeirra sonur var Hólmgeir Jensson dýralæknir (sjá hér Tunga í Firði og Þorustaðir). Annar sonur Jóhannesar Jónssonar á Vífilmýrum var Jón Jóhannesson sem tók við búi af föður sínum á árunum milli 1860 og 1870. Jón kvæntist Guðmundínu Jónsdóttur árið 1866 og bjuggu þau á Vífilmýrum fram yfir 1880.¹⁵² Samanlagður búskapartími feðganna, Jóhannesar Jónssonar og Jóns Jóhannessonar, hér á Vífilmýrum var því nær 50 ár. Árið 1890 var Jón Jóhannesson enn á Vífilmýrum en þá var hann orðinn ekkjumaður og kominn í húsmennsku, 55 ára gamall.

Í hópi 19. aldar bænda, sem bjuggu á Vífilmýrum í um eða yfir 20 ár, er að finna tvær ekkjur. Önnur þeirra er Gunnhildur Sigurðardóttir, sem hér hefur áður verið sagt frá, en hún hóf búskap á Vífilmýrum á árunum milli 1845 og 1850 og bjó til 1868 (sjá hér Mosvellir). Nokkru áður en Gunnhildur hætti sínum búskap fór önnur merkileg ekkja að búa hér á parti úr Vífilmýrum en það var Guðbjörg Bjarnadóttir sem hafði verið gift Friðriki J. Svendsen, áður kaupmanni og stórútgerðarmanni á Flateyri.

Guðbjörg fæddist á Brekku í Þingeyrarhreppi árið 1816, dóttir hjónanna Bjarna Torfasonar og Sesselju Þórðardóttir.¹⁵³ Foreldrar hennar voru bæði úr niðjahópi Mála-Snæbjarnar sem hér er frá sagt á öðrum stað (sjá hér Sæból á Ingjaldssandi) því karlinn var afi Bjarna en langafi Sesselju.¹⁵⁴ Auk þess var Sesselja, móðir Guðbjargar, sonardóttir Ólafs Jónssonar, lögsagnara á Eyri í Seyðisfirði,¹⁵⁵ sem lengi átti í mjög illvígum deilum við Snæbjörn.

Um 1840 gerðist Guðbjörg ráðskona hjá Friðriki J. Svendsen, kaupmanni á Flateyri, sem þá var að flestra dómi orðinn bilaður á geðsmunum (sjá hér Flateyri). Hin danska eiginkona kaupmannsins hafði þá dvalist í Danmörku í nokkur ár og kom aldrei aftur til Íslands.¹⁵⁶ Í manntali frá árinu 1845 er Guðbjörg nefnd *bústýra agentsins* en hún bjó þá með Svendsen á Flateyri og áttu þau þá þegar tvær dætur.¹⁵⁷ Sú eldri þeirra

¹⁴⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntöl 1840, 1845, 1850, 1855 og 1860.

¹⁴⁹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁵⁰ Sama heimild.

¹⁵¹ Sama heimild. Manntal 1860.

¹⁵² Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁵³ Sama heimild.

¹⁵⁴ Sama heimild. Ísl. æviskrár V, 109.

¹⁵⁵ Sömu heimildir.

¹⁵⁶ Gils Guðmundsson 1977, 113 (Skútuöldin I).

¹⁵⁷ Manntal 1845.

var fædd 4. mars 1842 og við fæðingu hennar er Guðbjörg nefnd ráðskona hjá barnsföður sínum.¹⁵⁸ Árið 1849 fæddist þriðja og síðasta barn Friðriks Svendsen og Guðbjargar og á því ári voru þau þússuð saman af presti.¹⁵⁹ Orðasveimur var þó á kreiki um að kaupmaðurinn hefði aldrei skilið við fyrri eiginkonu sína með lögmetum hætti.¹⁶⁰ Þegar hjónavígslan fór fram var Guðbjörg 33ja ára en brúðguminn 62ja.

Árið 1856 andaðist hinn fyrrverandi kaupmaður sem þá átti enn heima á Flateyri en hafði búið við skerta geðheilsu um langt skeið. Næstu árin var Guðbjörg um kyrrt á Flateyri og þar eignaðist hún dóttur árið 1858 með vinnumanni sem Björn Torfason hét.¹⁶¹ Stúlkan var skírð nafni móður sinnar og lifði til 33ja ára aldurs.

Árið 1860 fluttist Guðbjörg frá Flateyri inn að Kaldá og fór að búa þar á jarðarparti. Öll börnin fylgdu móður sinni að Kaldá og líka Björn Torfason vinnumaður, faðir yngsta barnsins, en hann hafði þá verið á heimili Guðbjargar í 2 ár.¹⁶² Vorið 1862 fluttust þau frá Kaldá að Vífilmýrum og bjuggu hér næstu 24 árin.¹⁶³ Árið 1870 er Björn kallaður vinnumaður hjá Guðbjörgu¹⁶⁴ en tíu árum síðar er hann nefndur ráðsmaður.¹⁶⁵ Björn var átta árum yngri en Guðbjörg og fluttist úr Dýrafirði til Flateyrar árið 1858.¹⁶⁶ Eitthvað af fólki, sem lifði fram yfir 1920 og mundi eftir Guðbörgu, hélt því fram að hún hefði viljað giftast ráðsmanni sínum og barnsföður en séra Stefán P. Stephensen í Holti hefði neitað að gefa þau saman.¹⁶⁷ Sögunni fylgdi sú skýring að prestur hefði ekki mátt til þess hugsa að kaupmannsekkja yrði eiginkona múgamanns af lágu standi.¹⁶⁸ Er saga þessi um framgöngu Stefáns prests í giftingarmáli ekkjunnar á Vífilmýrum kom fyrst á prent, að þeim báðum löngu látnum, var henni reyndar andmælt af ágætum frænda séra Stefáns. Sá benti á að þarna hlyti að vera um tilbúning að ræða því presturinn í Holti hefði ekkert vald haft til að synja um hjónavígsluna og mögulegt fyrir Björn og Guðbjörgu að leita til annars prests ef þeirra eigin sálusorgari hefði reynt að svipta þau lögbundnum réttindum með ofríki.¹⁶⁹ Ekki verður reynt að leggja dóm á þetta hér og verður svo hver að trúa því sem honum þykir líklegast eins og oft vill verða um efni í þjóðsögum.

Árið 1870 bjó Guðbjörg með 2 kúr, eina kvígu, 8 ær, 5 gemlinga og einn hest.¹⁷⁰ Bú hennar var þá álíka stórt og hinna tveggja bændanna á

¹⁵⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁵⁹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁶⁰ Gils Guðm. 1977, 113-114 (Skútuöldin I).

¹⁶¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁶² Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁶³ Sama heimild.

¹⁶⁴ Manntal 1870.

¹⁶⁵ Manntal 1880.

¹⁶⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁶⁷ Frá ystu nesjum II, 100-101.

¹⁶⁸ Sama heimild.

¹⁶⁹ Séra Þorvaldur Jakobsson 1948, 104 (Selskinna I).

¹⁷⁰ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

sömu jörð.¹⁷¹ Í búnaðarskýrslu frá árinu 1870 sést aðeins eitt merki um að Guðbjörg á Vífilmýrum hafi verið betur sett en almennt var um hina fátækari bændur í hreppnum og það er að hún átti bát, sexæring eða fjögur manna far, en flestir hinna áttu bara hálfan bát eða þaðan af minni skipakost.¹⁷²

Árið 1880 hafði bú Guðbjargar vaxið nokkuð og var hún þá með 3 kýr, 15 ær, 12 gemlinga, 1 hest og 1 tryppi.¹⁷³ Þá var hún hins vegar orðin bátlaus og ekki átti hún kálgarð.¹⁷⁴ Þegar hér var komið sögu var hin fyrrverandi kaupmannsfrú á Vífilmýrum orðin nær hálfsjötug og vorið 1886 gafst hún upp á búskapnum og gerðist vinnuhjú hjá Arngrími Jónssyni Vídalín í Ytri-Hjarðardal.¹⁷⁵ Þá var hún sjötug að aldri. Björn Torfason, ráðsmaður Guðbjargar, fylgdi henni að Hjarðardal og þar dóu þau bæði, hann 1887 en hún 1898.¹⁷⁶

Á búskaparárum Guðbjargar Bjarnadóttur á Vífilmýrum var hér jafnan þrífýli. Samtíða henni bjuggu lengst á jörðinni þeir Jón Jóhannesson og Sveinn Jónsson. Um Jón hefur áður verið getið (sjá hér bls. 13) en Sveinn var sonarsonur Sveins Jónssonar á Hesti sem druknaði með Sveini Oddssyni á Vífilmýrum vorið 1812 (sjá hér bls.12). Sveinn fæddist á **Innri-Veðrará** árið 1834, sonur hjónanna Jóns Sveinssonar og Dagbjartar Filippusdóttur.¹⁷⁷ Árið 1858 gekk Sveinn að eiga Kristínu Þórarinsdóttur sem fæddist að Látrum í Mjóafirði árið 1840.¹⁷⁸ Móðir hennar, sem líka hét Kristín Þórarinsdóttir, skildi við eiginmann sinn, Þórarinn Sigurðsson á Látrum, og fluttist til Önundarfjarðar með sex af níu börnum þeirra hjóna árið 1853 (sjá hér Innri-Hjarðardalur). Kristín Þórarinsdóttir eldri bjó svo í Súgandafirði frá 1858 til dauðadags árið 1883 (sjá hér Staður í Súgandafirði) og þar voru Sveinn Jónsson og Kristín, dóttir hennar, gefin saman haustið 1858.¹⁷⁹ Fyrsta hjúskaparárið voru þau í Botni í Súgandafirði en fóru að búa í Innri-Hjarðardal vorið 1860¹⁸⁰ og þaðan fluttust þau að Vífilmýrum 1867 eða 1868.¹⁸¹ Þau Sveinn og Kristín bjuggu á Vífilmýrum til 1896¹⁸² eða hátt í 30 ár. Þau voru barnmörg, eignuðust 14 börn á árunum 1858-1884, og af þeim náðu 10 fullorðinsaldri.¹⁸³ Í baðstofu Sveins og Kristínar á Vífilmýrum mun bekkurinn því oft hafa verið þétt setinn og má sem dæmi nefna að árið 1880 voru 9 börn þeirra þar heima, öll innan við tvítugt.¹⁸⁴ Bústofn

¹⁷¹ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

¹⁷² VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

¹⁷³ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

¹⁷⁴ Sama heimild.

¹⁷⁵ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁷⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁷⁷ Eyjóldur Jónsson 1967, 15-16.

¹⁷⁸ Sama heimild.

¹⁷⁹ Sama heimild.

¹⁸⁰ Sama heimild.

¹⁸¹ Sama heimild, 16, 24 og 26.

¹⁸² Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁸³ Eyjólfur Jónsson 1967, 16-49.

¹⁸⁴ Manntal 1880.

hjóanna var þá 3 kýr, 12 ær með lömbum, 10 gemlingar og einn hestur.¹⁸⁵ Þó bústofninn væri lítill en börnin mörg náðu þau að bjargast af í harðindunum miklu á árunum upp úr 1880. Frá Vífilmýrum fóru þau Sveinn og Kristín að Tungu í Firði til Jóns sonar síns sem þar bjó.¹⁸⁶ Þar voru þau 1901 og þá er Sveinn sagður vera *leigjandi*.¹⁸⁷ Seinna fylgdu þau Jóni, syni sínum, og fjölskyldu hans að Innri-Veðrará og þar dó Kristín sumarið 1912 en Sveinn dó á Flateyri í desember á sama ári.¹⁸⁸

Að lokum er vert að minna hér á einn af síðustu 19. aldar bændunum á Vífilmýrum, Þorvald Þorvaldsson, en hann fluttist hingað þegar Sveinn Jónsson hætti búskap vorið 1896. Þorvaldur og kona hans, Kristín H. Halldórsdóttir, komu að Vífilmýrum frá Hólum í Þingeyrarhreppi.¹⁸⁹ Þorvaldur var fæddur árið 1857 í Gufudalssveit en Kristín kona hans, sem var 14 árum yngri, var úr Önundarfirði, dótturdóttir Jóns Sigurðssonar, hreppstjóra á Kirkjubóli í Korpudal.¹⁹⁰ Þau Kristín og Þorvaldur bjuggu á Vífilmýrum í 13 ár, frá 1896-1909 (sjá Firðir og fólk 1900-1999, 366) en síðan á Efstabóli fram yfir 1920. Á árunum kringum 1890 var Þorvaldur nokkur sumur við sprökuveiðar hjá Ameríkönunum á Vestfjarðamiðum og segir skemmtilega frá þeirri lífsreynslu í fyrsta hefti ritsins *Frá ystu nesjum*.¹⁹¹ Líklega hafa fáir sem búið hafa á Vífilmýrum náð hærri aldri en Þorvaldur því hann skorti aðeins einn mánuð í 97 ár þegar hann safnaðist til feðra sinna á baráttudegi verkalyðsins vorið 1954.¹⁹²

Jarðarparturinn, sem Þorvaldur og Kristín fengu til ábúðar á Vífilmýrum vorið 1896, var 6 hundruð.¹⁹³ Baðstofan, sem fylgdi þessum parti jarðarinnar, var þá 8 x 5 álnir,¹⁹⁴ það er tæplega 16 fermetrar. Alþiljað loft var í baðstofunni og lá stigi upp þangað.¹⁹⁵ Á baðstofuloftinu voru 4 rúm og 3 gluggar en einn gluggi var niðri.¹⁹⁶ Eldhúsið, sem Kristín H. Halldórsdóttir fékk til umráða á Vífilmýrum, var 4 x 4 álnir¹⁹⁷ eða liðlega 6 fermetrar en ekki er getið um búr og aðrar vistarverur voru engar nema gripahús.¹⁹⁸

Árið 1920 var enn búið í torfbæjum á Vífilmýrum. Baðstofurnar voru þrjár¹⁹⁹ og má ætla að svo hafi lengi verið því oftast var hér þrjú. Allar voru þessar baðstofur af svipaðri stærð, 8 x 5, 9 x 5 og 9 x 5 ½ álin.²⁰⁰

¹⁸⁵ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

¹⁸⁶ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

¹⁸⁷ Manntal 1901.

¹⁸⁸ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

¹⁸⁹ Sama heimild.

¹⁹⁰ Vestf. ættir II, 490-491.

¹⁹¹ Frá ystu nesjum I, 122-141.

¹⁹² Vestf. ættir II, 491.

¹⁹³ Skj.s. sýslum og sv.stj. Ís. Mosv.hr. 7. Úttektabók 1875-1905, bls. 94.

¹⁹⁴ Sama heimild.

¹⁹⁵ Sama heimild.

¹⁹⁶ Sama heimild.

¹⁹⁷ Sama heimild.

¹⁹⁸ Sama heimild.

¹⁹⁹ Fasteignamatsskjöl: Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 159-161.

²⁰⁰ Sama heimild.

Mælt í metrum hafa þær verið 15 til 20 fermetrar hver eða álíka og eitt sémilegt herbergi ef nota á mælikvarða nútímans. Við eina baðstofuna var reyndar kominn skúr, nær 8 fermetrar að flatarmáli,²⁰¹ sem var góð viðbót. Í þessari nýju vistarveru hefur efalaust verið sofið. Fleiri voru herbergin hins vegar ekki ef frá eru talin búr og eldhús.²⁰²

Í Fasteignabók frá árinu 1932 eru bæirnir þrír á Vífilsmyrum nefndir ysti bær, miðbær og innsti bær²⁰³ en Brynhildur Jónsdóttir, sem fædd er árið 1935 og ólst upp á Vífilsmyrum, segir að á hennar uppvaxtarárum hafi bæirnir ætíð verið nefndir ytri bær, efri bær og fremri bær.²⁰⁴

Ytri bær stóð á hólþala fyrir innan og ofan fjósið sem byggt var um eða upp úr 1980.²⁰⁵ Skammt frá fjósinu stendur íbúðarhús úr steinsteypu sem byggt var um 1953 og enn hangir uppi þó langt sé síðan það var notað til íbúðar.²⁰⁶ Vegalengdin frá síðastnefnda húsinu að gamla bæjarstæðinu er 50-100 metrar og stóð bærinn utantil á áðurnefndum hólþala.²⁰⁷

Efri bær stóð innst (fremst) á þessum sama hólþala²⁰⁸ sem er býsna stór og nokkurn veginn sléttur. Lægðin sem var á milli ytri bæjar og efri bæjar hvarf að heita má þegar sléttað var²⁰⁹ og engar tóttir sjást hér nú.

Fremri bær stóð svo á öðrum hól nokkru innar (framar) í túninu en í svipaðri hæð.²¹⁰ Innantil við þann hól eru nú tóttir af hlöðu og fjárhúsi og ofantil á honum eru tvær samliggjandi tóttir, önnur þeirra af skemmu.²¹¹ Fyrir ofan skemmutóttina mótast fyrir kálgarði.²¹² Allir stóðu þessir bær talsvert langt fyrir utan íbúðarhúsið sem nú (1994) er búið í hér á Vífilsmyrum.

Um 1940 voru hér fjögur heimili. Auk bændanna, sem bjuggu í áðurnefndum þremur bæjum, átti hér heimili kvæntur húsmáður sem bjó með fáeinar kindur (sjá Firðir og fólk 1900-1999, 365) og stóð húsið, sem hann átti heima í, skammt fyrir innan og neðan efri bæ sem áður var nefndur.²¹³ Í ritinu Firðir og fólk 1900-1999, sem út var gefið árið 1999, er efri bærinn nefndur Vífilsmyrar I, fremri bærinn Vífilsmyrar II og ysti bærinn Vífilsmyrar III.

Um 1930 átti bóndinn í fremri bæ jarðarpartinn sem hann bjó á²¹⁴ en hinir bændurnir voru þá leiguliðar. Eins og áður var getið er bær þessi nefndur innsti bær í Fasteignabókinni frá 1932 og þar er hann sagður vera að mestu úr torfi en að einhverju leyti úr öðru byggingarefni. Líklega hefur

²⁰¹ Fasteignamatsskjöl: Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 159-161.

²⁰² Sama heimild.

²⁰³ Fasteignabók 1932.

²⁰⁴ Brynhildur Jónsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1994.

²⁰⁵ Sama heimild.

²⁰⁶ Brynhildur Jónsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 27.6.1994.

²⁰⁷ Sama heimild.

²⁰⁸ Sama heimild.

²⁰⁹ Sama heimild.

²¹⁰ Sama heimild.

²¹¹ Sama heimild.

²¹² Sama heimild.

²¹³ Sama heimild.

²¹⁴ Fasteignabók 1932.

timburskúrinn, sem áður var nefndur (sjá hér bls. 16) og búið var að reisa um 1920, staðið við þennan bæ því báðir hinir bæirnir á Vífilsmyrum eru flokkaðir sem torfbærir án nokkurs fyrirvara í Fasteignabókinni frá 1932.²¹⁵

Um Guðmund Jóhannesson, sem bjó í fremri bænum á Vífilsmyrum á árunum 1911-1924 (sjá Firðir og fólk 1900-1999, 366), segir Snorri Sigfússon skólastjóri að hann hafi jafnan verið vel til fara og kunnað að sletta útlendum orðum svo sem *bavian* og *delegant*.²¹⁶ Fyrir á árum hafði Guðmundur verið vinnumaður hjá séra Stefáni P. Stephensen í Holti²¹⁷ og kynni að hafa lært orðbragðið hjá presti.

Um Vífilsmyrar verður þetta að nægja því nú er mál að halda að Hóli. Vegalengd milli bæjanna er liðlega einn kílómetri og stefnan í suðaustur.

----- o o o o o -----

²¹⁵ Fasteignabók 1932.

²¹⁶ Snorri Sigfússon 1969, 112-113.

²¹⁷ Sama heimild.